



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRI

Reykjavík fimmtudagur, 2. nóvember 2023

Tilvísun: 2023110026

Alþingi
B.t. Allsherjar- og menntamálanefndar
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Efni: Umsögn embættis ríkislögreglustjóra um tillögu til þingsályktunar um fasta starfsstöð þyrilu Landhelgisgæslu Íslands á Akureyri.

Visað er til erindis frá allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis dagssett 1 nóvember 2023 þar sem óskað er eftir umsögn Landhelgisgæslu Íslands um tillögu til þingsályktunar um fasta starfsstöð þyrilu LHG á Akureyri. 327. mál. þingskjal 334.

Embætti ríkislögreglustjóra telur mikinn ávinning fólgin í því að björgunarþyrila verði staðsett varanlega á Akureyri. Er það í samræmi við þá stefnu sem embætti ríkislögreglustjóra hefur mótað undanfarin misseri um að staðsetja ákveðnar lykileiningar starfseminnar á landsbyggðinni í því skyni að tryggja frumviðbragð lögreglu og almannavarna í alvarlegum aðstæðum.

Staðsetning björgunarþyrilu á Akureyri myndi efla samvirkni björgunar- og viðbragðsaðila enn frekar og væri til þess fallin að tryggja lágmarksöryggi íbúa á Norðurlandi betur. Stuttur viðbragðstími skiptir sköpum í lífsbjargandi aðgerðum og/eða frumviðbrögðum í almannavarnaástandi.

Ótvíræð samlegð yrði af þessari tilhögun er varðar útköll og verkefni viðbragðs- og björgunaraðila; einkum á landinu norðanverðu. Augljóst er að aukin samvinna og samstarf viðbragðs- og björgunaraðila ásamt samnýtingu þess búnaðar og tækja sem tiltæk eru stuðlar að bættu öryggi almennings.

F.h. RLS

Karl Steinar Valsson